

að vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Þorvalds Stefássonar, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda kr. 24.000 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 2. febrúar 1978.

Nr. 26/1977. **Bjarni Helgason**
Björn Stefánsson
Hreggviður Jónsson
Jónatan Þórmundsson
Ólafur Ingólfsson
Stefán Skarphéðinsson
Unnar Stefánsson
Þorsteinn Sæmundsson
Þorvaldur Búason
Þór Vilhjálmsson
Ragnar Ingimarsson og
Valdimar J. Magnússon
 (Gunnar M. Guðmundsson hrl.)
 gegn
Svavari Gestssyni
og gagnsök
 (Ingi R. Helgason hrl.).

Ærumeiðingar. Ömerking ummæla. Sektarrefsing. Sýknað af kröfu um miskabætur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma sem varadómarar í Hæstarétti Halldór Þorbjörnsson yfirsakadómari, Guðmundur Ingvi Sigurðsson hæstaréttarlögmaður, Jón Finnsson hæstaréttarlögmaður, Unnsteinn Beck borgarfógeti og Þorsteinn Thorarensen borgarfógeti.

Aðaláfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu, útgefinni 11. febrúar 1977, og gert þær dómkröfur:

1. Að ummæli þau, sem stefnt var út af, verði dæmd dauð og ómerk.

2. Að gagnáfrýjandi verði dæmdur til refsingar.

3. Að gagnáfrýjandi verði dæmdur til þess að greiða hverjum aðaláfrýjenda 150.000 kr. í miskabætur auk 9% ársvaxta frá 3. mars 1974 til greiðsludags.

4. Að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða aðaláfrýjendum sameiginlega 100.000 kr. til þess að kosta birtingu væntanlegs dóms í opinberum blöðum.

5. Að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að sjá um, að væntanlegur dómur í máli þessu verði birtur í 1. eða 2. tbl. dagblaðsins Þjóðviljans, sem út kemur eftir birtingu dómsins.

6. Að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða aðaláfrýjendum sameiginlega málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi dómsmálaráðuneytis, gagnáfrýjað héraðsdóminum með stefnu, útgefinni 28. júní 1977, og gert þær dómkröfur, að hann verði sýknaður af öllum kröfum aðaláfrýjenda og honum tildæmdur málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti.

Hin átöldu ummæli birtust í 17 tölublöðum dagblaðsins Þjóðviljans. Af þeim komu 16 út á árinu 1974, og er gagnáfrýjandi í þeim tilgreindur ábyrgðarmaður blaðsins. Í síðasta tölublaðinu, sem kom út 5. júlí 1975, er enginn sérstakur ábyrgðarmaður tilgreindur, en gagnáfrýjandi talinn ritstjóri ásamt Kjartani Ólafssyni. Allar greinar þær, sem geyma hin átöldu ummæli, eru óundirritaðar nema grein í 20. tbl. 1974, sem undirrituð er ÞH., sbr. ummæli auðkennd VI í héraðsdómi og hér á eftir. Er hér ekki um nafngreiningu að ræða í skilningi 15. gr. laga nr. 57/1956 um prentrétt. Gagnáfrýjandi ber þannig ábyrgð á öllum ummælunum.

Verða ummælin nú athuguð, og eru þau auðkennd á sama hátt og í héraðsdómi.

I.A. Í lið 1 og 3 eru aðaláfrýjendur nefndir „Bandaríkja-leppar“. Er hér um að ræða skammaryrði í garð aðaláfrýj-

enda, er varðar refsingu samkvæmt 234. gr. alm. hegningarlaga, og ber jafnframt að ómerkja það.

Í 2., 3. og 4. lið greinarinnar og í grein B er látið svo um mælt, að aðaláfrýjendur krefjist „varanlegs“ og „ævarandi“ hernáms Íslands. Engum stóðum hefur verið rennt undir þessa staðhæfingu, en telja verður, að opinberri gagnrýni í þjóðmálum væri of þröngur stakkur sniðinn, ef þessi ummæli yrðu talin ærumeiðandi.

Ummæli í lið A.5. varða eigi við hegningarlög.

II.A. Í 2. og 3., sbr. 4. lið, er það sagt um aðaláfrýjendur, að þeir gangi í blindni erinda Bandaríkja Norður-Ameríku með því að beita sér fyrir umræddri söfnun undirskrifta. Eru ummæli þessi móðgandi fyrir aðaláfrýjendur og varða við 234. gr. alm. hegningarlaga. Verða þau jafnframt ómerkt svo og ummæli samkvæmt 1. og 5. lið, sem eru óviðurkvæmleg, þótt ekki þyki þau út af fyrir sig refsiverð.

II.B. Tilvitnun í ljóðlínur þessar með ljósmynd af aðaláfrýjendum er móðgandi fyrir þá. Verður þessi notkun tilvitnunarinnar ómerkt og gagnáfrýjanda refsað fyrir hana skv. 234. gr. alm. hegningarlaga.

III. Ummæli þessi eru móðgandi fyrir aðaláfrýjendur og varða við 234. gr. alm. hegningarlaga. Ummælin verða jafnframt ómerkt.

IV. Í grein þessari er aðaláfrýjendum borið á brýn, að þeir hafi beitt atvinnukúgun til þess að fá menn til að undirrita áskorun Varins lands. Er þessi staðhæfing órökstudd með öllu og varðar refsingu samkvæmt 235. gr. alm. hegningarlaga. Ber einnig að ómerkja hana.

VI.A. Eigi er ástæða til þess að refsa gagnáfrýjanda fyrir ummæli þessi, en orðið „Votergeitdeild“ þykir óviðurkvæmlegt og varðar ómerkingu.

V.B.1—3. Dæma ber gagnáfrýjanda refsingu samkvæmt 235. gr. alm. hegningarlaga fyrir þá aðdróttun, er fram kemur í 1. lið, að beitt hafi verið þvingunum til að afla undirskrifta, en þessi staðhæfing er órökstudd. Ummælin verða jafnframt ómerkt svo og orðin „Votergeitvixillinn“ og „Votergeitmenn“.

VI. Um lið 1 gildir sama og að framan segir um sams konar ummæli. Verða þau ómerkt.

Um lið 2 er þess að gæta, að fram kemur við lestur setningarinnar allrar, að átt er við aðaláfrýjendur. Ber að ómerkja þessi ummæli og refsa gagnáfrýjanda fyrir þau samkvæmt 234. gr. alm. hegningarlaga.

VII.A.1—3. Þessi ummæli þykja hvorki varða refsingu né ómerkingu.

VII.B.1—7. Í grein þessari er lýst ræðu, sem Helgi Sæmundsson hafði haldið, og ummæli 4, 5 og 6 eru orðréttar setningar úr ræðunni. Ummælin „amerískir Íslendingar“ í 1., 3., 6. og 7. lið og „Votergeitdeild“ í 2. lið eru óviðurkvæmi-
leg og ómerkingarverð, en ummæli í þessari grein þykja annars eigi fara út fyrir mörk leyfilegrar umræðu um þjóðmál, og verður refsikrafa ekki tekin til greina.

VIII.1—3. Þessi ummæli þykja eigi varða refsingu né heldur ómerkingu.

IX.1—2. Í ummælum þessum er því haldið fram, að hagsmunatengsl hafi verið milli NATO og undirskriftasöfnunar Varins lands, að söfnunin feli í sér „viðtækustu pólitískar persónunjósnir sem um getur á Íslandi, bæði fyrir Sjálfstæðisflokkinn og jafnvel Bandaríkjamenn“, og loks er látið að því liggja, að um tengsl hafi verið að ræða við bandarísku leyniþjónustuna (CIA). Aðdróttanir þessar eru öldungis órökstuddar og varða við 235. gr. alm. hegningarlaga. Ómerkja ber ummælin.

IX.3. Ummæli samkvæmt þessum lið varða hvorki refsingu né ómerkingu.

X. Grein sú, sem hér um ræðir, er ekki tekin upp í héraðsdóminn, en hún er svohljóðandi:

„Undirskriftasöfnun á lágbúrulegasta plagg Íslandssögunnar mun nú vera lokið. Aðstandendur þessarar söfnunar halda því fram að undir plaggið hafi skrifað um 50 þúsund manns. Full ástæða er til að vefengja þessa tölu og raunar til þess að lýsa yfir fyrirfram að þessi undirskriftasöfnun sé markleysa. Ástæðurnar til þess að undirskriftasöfnun þessi er engan veginn marktæk eru fjölmargar — þessar skal nefna að sinni:

1. Í fyrsta lagi er vitað um að stórfelldar falsanir undirskrifta áttu sér stað á Votergeitvixilinn, sem svo var nefndur. Var algengt að menn skrifuðu „fyrir aðra“ og það í talsverðum mæli.

2. Í öðru lagi er vitað um að mjög bar á því að forstjórar eða yfirmenn í fyrirtækjum gengju um með lista þessa. Þar með var beitt beinni atvinnukúgun sem á sér ekki sinn líka í nútímasögu Íslands.

3. Í þriðja lagi er vitað um mjög alvarlega tæknilega galla á þessari undirskriftasöfnun þar sem ekki var getið um nafnúmer eða fæðingardag viðkomandi o. s. frv.

4. Í fjórða lagi var þessi undirskriftasöfnun tengd — beint eða óbeint — erlendum aðila, bandarísku leyniþjónustunni, — sem hafði hag af því að sem allra flestir skrifuðu undir.“

Í tölulíð 1 hér að ofan er staðhæft, að stórfelldar falsanir hafi átt sér stað við undirskriftasöfnunina, í 2. tl. er því haldið fram að beinni atvinnukúgun hafi verið beitt, og í 4. tl. er sagt, að um bein eða óbein tengsl við bandarísku leyniþjónustuna hafi verið að ræða. Allt eru þetta ósannaðar aðdróttanir, sem beinast fyrst og fremst gegn aðaláfrýjendum, er veittu söfnuninni forstöðu. Ber að refsfa gagnáfrýjanda fyrir ummæli þessi skv. 235. gr. alm. hegningarlaga og ómerkja þau. Önnur ummæli í greininni varða hvorki refsingu né ómerkingu.

XI., XII., XIII. og XIV. Öll ummæli, sem talin eru í þessum köflum, varða notkun aðaláfrýjenda á tölvu til úrvinnslu undirskrifta undir áskorun Varins lands. Kafli XII hefur eigi verið tekinn upp í héraðsdóm, en hann hljóðar svo:

„Votergeit-spólur í Reykjavík!

— Viltu að einn stjórn mála flokkur hafi aðgang að pólitískum upplýsingaspjaldskrá — rétt eins og símaskránni — um afstöðu þína til ákveðinna mála?

— Viltu að erlend sendiráð í Reykjavík fái aðgang að slíkum upplýsingum um sjálfan þig?

— Viltu að komið sé upp pólitískri tölvuspjaldskrá yfir Íslendinga?

Þessum spurningum svara allir Íslendingar neitandi. En þó hefur sá alvarlegi hlutur nú gerst að komið hefur verið

upp pólítískri tölvuskra um afstöðu landsmanna í herstöðva-
málinu. Það gerist með því að niðurstöðum undirskriftasöfn-
unarinnar Varið land er safnað inn á pólítískar skrár til fram-
haldsnóta fyrir Sjálfstæðisflokkinn og herstöðvasinna í land-
inu. Skrár þessar eru unnar inn á bandspólur eins og Voter-
geit-upplýsingarnar í Bandaríkjunum. Þannig eru nöfn tuga
þúsunda Íslendinga komin á Votergeitspólur; og ekki bara
sem skrifuðu upp á bænarskrána um ævarandi hersetu, held-
ur líka þeir sem ekki skrifuðu. Þegar atvinnurekendur ráða
fólk í vinnu framvegis geta þeir, sem jafnframt eru í Sjálf-
stæðisflokknum, óðara kannað eyrnamarkið á Votergeitspól-
um Varins lands.

Hér er mjög alvarlegt mál á ferðinni þar sem vegið er
heiftarlega að friðhelgi einkalífs manna. Þeir sem skrifuðu
undir lista VL-13 hafa áreiðanlega ekki gert ráð fyrir að
þannig yrði farið með nöfn þeirra. Þjóðviljinn skorar á
stjórnarvöld að krefjast þess að fá öll gögn Varins lands,
bæði frumgögn sem unnin gögn, þannig að tryggt verði að
engin stjórnmálasamtök eða einstaklingar hafi undir hönd-
um pólítíska njósnaskrá yfir Íslendinga, né stofn að slíkri
skrá.“

Fram hefur komið, að forgöngumenn Varins lands létu
vinna úr nöfnum undirskrifenda í tölvu, og gerðu þeir það
að eigin sögn í því skyni að ganga úr skugga um, hvort sömu
nöfn væru skráð oftari en einu sinni á lista, og einnig til þess
að sannreyna, hversu margir undirskrifenda væru undir
kosningaaldri, til þess að auðveldara yrði að finna falsanir,
ef einhverjar væru, og til þess að tala þátttakenda að lokinni
söfnun yrði nákvæmlega rétt. Í áðurnefndum greinum er
mjög að því vikið, að hinn raunverulegi tilgangur með undir-
skriftasöfnuninni hafi verið annar, og hafi verið um að ræða
njósnastarfsemi í þágu vildarvina VL-manna, svo sem banda-
rískra aðilja. Þess konar aðdróttanir koma fram í liðum
XI.A.1 og 4 og XII., XIII.1 og XIV.1 og 5, sbr. 7. Aðdróttanir
þessar hafa ekki verið réttlættar á neinn hátt, og ber að
refsa gagnáfrýjanda fyrir þær samkvæmt 235. gr. alm. hegn-
ingarlaga og ómerkja ummælin. Önnur ummæli í nefndum
köflum þykir eigi ástæða til að telja varða við hegningarlög.

XV. og XVI. Ummæli þau, sem tilgreind eru undir þessum liðum, þykja öll óhæfileg að búningi og óviðurkvæmileg, og ber að ómerkja þau, en ekki þykir næg ástæða til þess að refsa gagnáfrýjanda fyrir þau.

XVII. Í ummælum þessum er rætt um tengsl bandarísku leyniþjónustunnar CIA við ýmsa aðilja hér á landi, og aðaláfrýjendur („VL-menn“) nefndir í því sambandi. Er hér um að ræða órökstudda aðdróttun, sem varðar gagnáfrýjanda refsingu skv. 235. gr. alm. hegningarlaga. Enn fremur ber að ómerkja ummælin.

Með dómi Hæstaréttar, uppkveðnum 4. apríl 1977, í málinu 110/1975: Bjarni Helgason o. fl. gegn Úlfari Þormóðssyni og til vara Svavari Gestssyni, en áfrýjendur voru þá hinir sömu og aðaláfrýjendur þessa máls, var Svavar Gestsson dæmdur í 20.000 kr. sekt fyrir ærumeiðandi ummæli um áfrýjendur. Þá var hann dæmdur til að greiða 30.000 kr. sekt fyrir ærumeiðandi ummæli í garð sömu manna í málinu 44/1976: Bjarni Helgason o. fl. gegn Degi Þorleifssyni og til vara Svavari Gestssyni, en dómur Hæstaréttar var kveðinn upp 2. maí 1977. Ber því að tiltaka refsingu hans nú sem hegningarauka með hliðsjón af 78. gr. almennra hegningarlaga, og verður hann ákveðinn 30.000 króna sekt til ríkissjóðs. Samkvæmt 53. gr. alm. hegningarlaga, sbr. 7. gr. laga 101/1976, verður vararefsing eigi ákveðin.

Enda þótt refsa beri fyrir ummæli þau, er að framan er getið, þykja þau eigi fallin til þess að valda aðaláfrýjendum þeim miska, að bótaskyld sé samkvæmt 1. málsgrein 264. gr. alm. hegningarlaga.

Samkvæmt 2. málsgrein 241. gr. alm. hegningarlaga ber að dæma gagnáfrýjanda til þess að greiða aðaláfrýjendum sameiginlega 40.000 krónur til að kosta birtingu dóms þessa í opinberum blöðum.

Þá þykir samkvæmt 2. mgr. 22. gr. laga 57/1956 rétt að skylda gagnáfrýjanda til þess að birta dóm þennan í fyrsta eða öðru tölublaði Þjóðviljans, sem út kemur eftir að dómurinn er birtur.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma gagnáfrýjanda til að

greiða aðaláfrýjendum sameiginlega 200.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð :

Gagnáfrýjandi, Svavar Gestsson, greiði 30.000 króna sekt til ríkissjóðs.

Ummæli, sem rakin eru í forsendum (I.A.1. og 3., II., III., IV., V., VI., VII.B.1., 2., 3., 6. og 7., IX.1.—2., X., XLA.1. og 4., XII., XIII.1., XIV.1., 5. og 7., XV., XVI. og XVII), skulu ómerk.

Gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjendum sameiginlega 40.000 kr. til þess að kosta birtingu dóms þessa í opinberum blöðum.

Birta skal dóm þennan í fyrsta eða öðru tölublaði dagblaðsins Þjóðviljans, sem út kemur eftir birtingu dómsins.

Gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjendum sameiginlega 200.000 kr. í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

**Halldórs Þorbjörnssonar yfirsakadómara og
Guðm. Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns.**

Við erum sammála úrlausn meiri hluta dómenda nema um miskabótakröfuna, sbr. 3. lið kröfugerðar aðaláfrýjenda. Gagnáfrýjandi er sekur fundinn um refsiverða meingerð gegn æru aðaláfrýjenda, svo sem greinir í atkvæði meiri hlutans. Af þessum sökum teljum við, að aðaláfrýjendur eigi rétt á fégjaldi úr hendi gagnáfrýjanda samkvæmt 1. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en þar eð meiri hluti dómenda hefur ekki fallist á bótakröfuna, verður fjárhæð bóta eigi ákveðin.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 22. nóvember 1976.**I.**

Mál þetta, sem tekið var til dóms, að loknum munnlegum málflutningi, 16. október sl., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 20. júní 1974 af Bjarna Helgasyni, Undralandi 2, Birni Stefánssyni, Grænuhlíð 13, Hreggviði Jónssyni, Nesvegi 82, Jónatan Þórmundssyni, Bræðraborgarstíg 15, Ólafi Ingólfssyni, Öldugötu 5, Stefáni Skarphéðinssyni, Álfheimum 44, Unnari Stefánssyni, Háaleitisbraut 45, Þorsteini Sæmundssyni, Bólstaðarhlíð 14, Þorvaldi Búasyni, Geitastekk 5, Þór Vilhjálmsyni, Stigahlíð 73, öllum í Reykjavík, og Ragnari Ingimarssyni, Mávanesi 22, og Valdimar J. Magnússyni, Garðaflöt 31, Garðahreppi, gegn Svavari Gestssyni, ritstjóra og ábyrgðarmanni dagblaðsins „Þjóðviljans“, Brekkustíg 3 A, Reykjavík, vegna ummæla, er birtust í 12., 13., 14., 15., 17., 20., 25., 35., 39., 45., 47., 48., 49. og 52. tölublaði Þjóðviljans 1974.

Dómkröfur stefnenda eru þær, að ummæli þau, er greind verða hér á eftir, verði öll dæmd dauð og ómerk samkvæmt 1. mgr. 241. gr. laga nr. 19/1940, að stefnda verði dæmd þyngsta refsing, sem um getur orðið að ræða samkvæmt 234., 235. og 236. gr. sömu laga, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnendum miskabætur samkvæmt 1. mgr. 264. gr. sömu laga, kr. 150.000 hverjum fyrir sig auk 9% ársvaxta frá 3. mars 1974 til greiðsludags, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnendum sameiginlega kr. 100.000 til að kosta birtingu forsendna og dómsorðs væntanlegs dóms í máli þessu skv. 2. mgr. 241. gr. sömu laga, að stefndi verði dæmdur til að sjá um skv. 22. gr. laga nr. 57/1956, að birtur verði væntanlegur dómur í máli þessu í heild í 1. eða 2. tölublaði dagblaðsins Þjóðviljans, er út kemur eftir birtingu dómsins, og að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnendum sameiginlega hæfilegan málskostnað að mati dómara.

Stefndi krefst algerrar sýknu af öllum kröfum stefnenda og að honum verði dæmdur ríflegur málskostnaður úr þeirra hendi.

Með framhaldsstefnu, birtri 12. desember 1974, höfðuðu stefnendur framhaldssök gegn stefnda vegna ummæla, er birtust í 97. og 103. tbl. Þjóðviljans 1974, og gerðu sams konar dómkröfur og í upphafi, að öðru leyti en því, að eigi var gerð sjálfstæð krafa í framhaldssökinni til miskabóta eða kostnaðar birtingu forsendna og dómsorðs væntanlegs dóms í málinu. Hins vegar var þess krafist, að við ákvörðun fjárhæðar skv. sambærilegum kröfuliðum í frumsök yrði tekið fullt tillit til framhalds á ærumeiðingum

eftir að frumsök var höfðuð, sem orðið höfðu tilefni framhalds-sakar.

Í framhaldssök krefst stefndi sýknu og ríflegs málskostnaðar sér til handa.

Með nýrri framhaldsstefnu, birtri 30. desember 1975, höfðuðu stefnendur framhaldssök gegn stefnda vegna ummæla, er birtust í 148. tbl. Þjóðviljans 1975, og gerðu sambærilegar kröfur og í fyrri framhaldssök sinni.

Stefndi krafðist enn sýknu og ríflegs málskostnaðar sér til handa.

Í upphafi hafði stefndi krafist frávísunar í frumsök og báðum framhaldssökum, en féll frá þeim kröfum við meðferð málsins.

Framhaldssakir voru sameinaðar aðalsök, og var málið flutt og dómtekið í einu lagi.

Verða nú rakin hin átöldu ummæli, og eru tbl. Þjóðviljans tilgreind með rómverskum tölustöfum, viðkomandi greinar í tbl. greindar með bókstöfum A, B, o. s. frv. og hin átöldu ummæli sérstaklega greind þar í liðum með tölustöfum 1., 2., 3., o. s. frv.

I.

Í 12. tbl., er út kom 16. janúar 1974. Hér er um að ræða tvær greinar, sem báðar eru birtar á bls. 3, óundirritaðar.

A. Grein, sem ber yfirskriftina: „Bandaríkjalepparnir á stjá:

1. Fyrirsögn greinarinnar: „Bandaríkjalepparnir á stjá:“
2. Undirfyrirsögn: „Krefjast varanlegs hernáms“
3. „Bandaríkjalepparnir á Íslandi hafa nú hafið undirskrifta-söfnun þar sem krafist er ævarandi hersetu á Íslandi“
4. „ kröfu um varanlegt hernám landsins“
5. „ lítill sómi að slíkum vinnubrögðum og skömmin er þeirra sem fyrir slíkri söfnun standa.“

B. Grein, sem ber yfirskriftina: „Stundar pólitískt heimatrú-boð á elliheimili“.

„ Nú er safnað undirskriftum undir kröfuna um ævar-andi hernám Bandaríkjamanna á Íslandi“

II.

Í 13. tbl., er út kom 17. janúar 1974. Hér er um að ræða:

A. grein á forsiðu, óundirritaða, og B. tilvitnun í kvæði, sem prentað er undir ljósmynd af forgöngumönnum „VARINS LANDS“.

- A. Grein á forsiðu, sem ber yfirskriftina: „Víxillinn frá Watergate“.
1. Fyrirsögn greinarinnar: „Víxillinn frá Watergate“.
 2. „ þrettán menn tilkynntu að einmitt nú vildu þeir sverja forseta Bandaríkjanna, hugsjónum hans og hernaðarvél ævarandi trú og hollustu. Yrði hinn mikli forseti dæmdur í tugthús færu þeir í tugthúsið með honum, eins og trúir rakkar fylgja húsbændum sínum í dauðann.“
 3. „Þeir kváðust reiðubúnir til að ganga fyrir hvers manns dyr úti á Íslandi með víxilinn frá Watergate og biðja menn að skrifa uppá hann með illu eða góðu“
 4. „ 13 liðþjálfum sínum á Íslandi.“
 5. „Verður víxillinn frá Watergate samþykktur eða ekki? . . .“
- B. Eftirfarandi tilvitnun úr kvæði, sem prentað er undir ljósmynd af forgöngumönnum „VARINS LANDS“: „ Þér hefði orðið bumbult að horfa þar á svo hundflatan skrælingjalyð.“

III.

Í 14. tbl., er út kom 18. janúar 1974. Ummæli í ritstjórnargrein á bls. 6. Greinin er óundirrituð.

„Þess vegna etja forráðamenn Sjálfstæðisflokksins nú á foraðið sínum óhreinustu börnum, — Votergeitdeildinni, mönnum, sem hylla Nixon af þeim mun meiri ákafa sem „verndara lýðræðisins, og hins frjálsa heims“ því berari sem innbyggjar Hvíta hússins verða að saurugum myrkraverum (sic) gegn veikburða lýðræðisþáttum bandaríks stjórnkerfis.“

IV.

Í 15. tbl., er út kom 19. janúar 1974. Ummæli í ritstjórnargrein á bls. 6, er bera fyrirsögnina „Atvinnukúgun“. Greinin er óundirrituð.

1. Fyrirsögnin: „Atvinnukúgun“.
2. „Við undirskriftasöfnun 13-menninganna í Sjálfstæðisflokknum hefur verið beitt aðferðum sem hafa ekki þekkt á Íslandi áður um margra áratugaskeið. Þessar aðferðir eru kallaðar atvinnukúgun einu nafni, þar sem forstjóralvaldi hefur verið beitt til þess að fá fólk til þess að skrifa upp á Votergeit-víxilinn. Þjóðviljinn varar fólk við þessum vinnubrögðum 13-menninganna.“

V.

Í 17. tbl., er út kom 22. janúar 1974. A. grein á bls. 4 og ritstjórnargrein á bls. 6. Báðar greinar óundirritaðar.

A. Grein á bls. 4, sem ber fyrirsögnina: „Sameinaðir stöndum við — sundraðir föllum við“.

„ Votergeitdeild Sjálfstæðisflokksins keppist við að safna undirskriftum undir kröfu um ævarandi hersetu Bandaríkjamanna á Íslandi“

B. Ritstjórnargrein á bls. 6, sem ber fyrirsögnina: „Þannig eru „rök“ herstöðvasinna.“

1. „Samþykkjendur Votergeitvixilsins hafa farið hamförum undanfarna daga. Hefur alls konar þvingunum og fortölum verið beitt til þess að fá fólk til að skrifa undir endemisplagg þetta.“

2. „ Votergeitvixillinn“

3. „ Votergeitmenn á Íslandi“

VI.

Í 20. tbl., er út kom 25. janúar 1974. Grein á bls. 3, sem ber undirfyrirsögnina: „Seljendur Votergeitvixilsins lögðu ekki í kappræðuna“. Greinin er undirrituð — ÞH.

1. Undirfyrirsögnin: „Seljendur Votergeitvixilsins“.

2. „ Samtakanna Seljum landið“

VII.

Í 25. tbl., er út kom 31. janúar 1974. Hér er um að ræða tvær greinar á bls. 3, báðar óundirritaðar.

A. Grein, sem ber fyrirsögnina: „Varið land neitar að láta ræða málin“ og undirfyrirsögnina „ — málefnið virðist ekki þola dagsljósið, segja Samtök herstöðvaandstæðinga“.

1. Úr fyrirsögninni: „ — málefnið virðist ekki þola dagsljósið“

2. „ kjósa að fara með mál sín í skúmaskotum“

3. „ lítt traustvekjandi málstaður, sem ekki þolir dagsljósið.“

B. Grein, sem ber fyrirsögnina: „Amerískir Íslendingar“.

1. Fyrirsögnin: „Amerískir Íslendingar“.

2. „ Votergeitdeild Sjálfstæðisflokksins“

3. „ amerískir Íslendingar“

4. „Eru þetta umskiptingar?“

5. „Myndi hyggilegt að fela þessum mönnum að ráða málum þjóðarinnar og stjórna landinu? Nei, nei. Þá yrði manni raun að því að vera Íslendingur. Gera þessir menn sér ljóst hvað þeir eru að aðhafast og hverjum þeir þjóna með undirskriftasöfnun sinni? Já, já. Fyrirgefum þeim ekki því að þeir vita hvað þeir gera“
6. „Nú er komin til sögu á Íslandi ný manngerð, sem gæti kallast amerískir Íslendingar. Þeir vilja vera miklu amerískari en fjöldinn allur af frjálslyndu, skynsömu og óspilltu fólki í Bandaríkjunum.“
7. „ amerísku Íslendingum“

VIII.

Í 35. tbl., er út kom 12. febrúar 1974. Fréttatilkynning á bls. 5 neðst, er ber yfirskriftina: „Þjóðfélagsfræðinemar um undirskriftasöfnun“ og fyrirsögnina: „Blettur á sögu íslenskrar þjóðar“. Greinin er óundirrituð.

1. Fyrirsögnin: „Blettur á sögu íslenskrar þjóðar“.
2. „ gangast fyrir undirskriftum um ævarandi hersetið land.“
3. „Telur fundurinn, að aldrei fyrr í sögu landsins hafi verið lotið svo lágt fyrir erlendu valdi og að bænarskjölin um áframhaldandi hersetu muni verða svartasti bletturinn í sögu íslensku þjóðarinnar er fram líða stundir.“

IX.

Í 39. tbl., er út kom 16. febrúar 1974. Ritstjórnargrein á bls. 6, er ber yfirskriftina: „Tengsl við bandarísku leyniþjónustuna — CIA?“ Greinin er óundirrituð.

1. Fyrirsögnin: „Tengsl við bandarísku leyniþjónustuna — CIA?“
2. „Launaður starfsmaður NATO er aðaltalsmaður þeirra aðila sem hafa skipulagt undirskriftasöfnunina „Varið land“. Þannig eru augljós hagsmunatengsl milli NATO og undirskriftasöfnunarinnar. Ennfremur liggur ljóst fyrir, að slík undirskriftasöfnun felur í sér víðtækustu pólitískar persónunjósnir sem um getur á Íslandi; bæði fyrir Sjálfstæðisflokkinn og jafnvel Bandaríkjamenn. Ýmislegt bendir til að bein eða óbein tengsl séu á milli undirskriftasöfnunar þessarar og bandarísku leyniþjónustunnar“

3. „Menn sem iðka þann ljóta leik að fá samlanda sína til þess að skrifa upp á slíkt plagg“

X.

Í 45. tbl., er út kom 23. febrúar 1974. Ritstjórnargrein á bls. 6, er ber yfirskriftina: „Í minningu víxils“. Greinin er óundirrituð.

Öll greinin undir nefndri fyrrsögn frá „Undirskriftasöfnun á lággúrlegasta plaggi sem hafði hag af því að sem allra flestir skrifuðu undir.“

XI.

Í 47. tbl., er út kom 26. febrúar 1974. A. grein á forsíðu, er ber yfirskriftina: „Undirskriftasöfnunin notuð í njósnaskyni“. B. Grein á bls. 4, er ber yfirskriftina: „Tölvuvinnslan þjónar markmiðum sem VL-menn vilja leyna“. Báðar greinarnar eru óundirritaðar.

A. Grein á forsíðu, sem ber yfirskriftina: „Undirskriftasöfnunin notuð í njósnaskyni“.

1. Fyrrsögnin: „Undirskriftasöfnunin notuð í njósnaskyni“.
2. Úr undirfyrirsögn: „Fyrsta pólitíska tölvuskráin á Íslandi“.
3. Úr undirfyrirsögn: „Pukrið í kringum skrána kemur upp um skuggaleg áform“.
4. „Gerð skrárinnar er glæpsamlegt trúnaðarbrot og heyrir undir grófustu njósnastarfsemi um persónulega hagi fólks. **Og það hættulegasta í málinu er það, að tölvuskrá þessi gangi beint til bandarískra sendimanna á Íslandi**“
5. „VL-menn höfðu beitt ýmsum ráðum til að hindra það að upplýsingar um tölvuvinnsluna kæmust á vitorð almennings“
6. „ tölvuvinnslan er miklu víðtækari en VL-menn vilja vera láta. Það er verið að gera fullkomna skrá yfir undirskrifendur“
7. „ gera af henni ótal eintök á örskotsstundu og afhenda hverjum þeim sem VL þóknast.

Þannig getur t. d. Sjálfstæðisflokkurinn fengið fullkomna skrá yfir áhangendur sína, svo og yfir það fólk, sem flokkurinn hefur mestar vonir um að geta unnið til fylgis við sig. Við næstu kosningar geta frambjóðendur og kosningasmalar hans flett upp í VL-skránni eins og í símaskrá.“

B. Grein á 4. bls., sem ber yfirskriftina: „Tölvuvinnslan þjónar markmiðum sem VL-menn vilja leyna.“

1. Fyrirsögnin: „Tölvuvinnslan þjónar markmiðum sem VL-menn vilja leyna.“
2. „ er rökrétt að draga þá ályktun að fleiri atriði séu „leiðrétt““
3. „ Tölvuvinnslan á hluta undirskriftanna hlýtur því að vera gerð í einhverjum öðrum tilgangi en þeim að finna tvíritanir.“
4. „ Tölvuvinnslan var því m. a. gerð til að auðvelda sjálfa framkvæmd undirskriftasöfnunarinnar“
5. „VL-menn töldu sér ekki henta að skýra frá tölvuvinnslunni meðan undirskriftasöfnunin var í gangi. Þeir hafa óttast að vitneskjan um hana mundi fæla fólk frá undirskriftum. Þeir voru þá ekki og virðast ekki enn tilbúnir að leggja spilin á borðið og skýra frá því, hvers eðlis tölvuvinnslan er.“

XII.

Í 48. tbl., er út kom 27. febrúar 1974. Ritstjórnargrein á bls. 6, er ber yfirskriftina: „Votergeitspólur í Reykjavík“. Greinin er óundirrituð.

Greinin í heild að meðtalinni fyrirsögn, þ. e. frá: „Viltu að einn stjórnmálaflokkur, né stofn að slíkri skrá.“

XIII.

Í 49. tbl., er út kom 28. febrúar 1974. Forsíðugrein, er ber yfirskriftina: „Tölvuskrá „Varins lands“.“ Greinin er óundirrituð.

1. „ á að varðveita skrána og láta hana í té vildarvinum VL, hjá Sjálfstæðisflokknum og bandaríska sendiráðinu, eða á að eyðileggja hana?“
2. „ Nóg er hættan samt, því hver veit hvað gerð hafa verið mörg eintök af tölvuspólunni?“
3. „ Ef þeir hafa engin undirmál í huga. . . .“

XIV.

Í 52. tbl., er út kom 3. mars 1974. Ritstjórnargrein á bls. 6, er ber yfirskriftina: „Skrifaði Butraldi Brúsason undir?“ Greinin er óundirrituð.

1. „ tölvunotkun VL-samtakanna til að koma upp fullkomnum, varanlegum spjaldskrám yfir alla Íslendinga, svo að þeir sem þessi gögn hafa undir höndum geti hvenær sem er á komandi árum flett upp á einhverju nafni eins og í

símaskrá og séð hvort viðkomandi hefur vottað Nixon-hernum á Keflavíkurflugvelli hollustu sína eða ekki.“

2. „Getur það staðist, sem VL menn halda fram, að þeir sjóði 50.000 Íslendinga niður á spólur með tölvutækni í þeim fróma tilgangi einum að tryggja að allt sé nú í sómanum með undirskriftirnar? Slíkt er með öllu útilokað“
3. „Enginn heilvita maður mundi kosta til milljón í tölvuvinnslu ef þetta væri eini tilgangurinn.“
4. „Mergurinn málsins er sá, að ef VL-menn hefðu verið jafn saklausir og skipulagslitlir og þeir reyndu að sýnast frammi fyrir þjóðinni, og ætlað sér að skila opinberum aðilum öllum gögnum varðandi söfnun þessa, svo sem fullyrt var í upphafi, þá hefði sú tölvunotkun, sem upplýst er að átt hefur sér stað, undir engum kringumstæðum getað komið til greina.“
5. „ verið að afla gagna til pólitískra afnota síðar fyrir ákveðið stjórnmálaafl,“
6. „Það athæfi að beita tölvutækni með undirskriftasöfnun til að flokka heila þjóð í tvo andstæða skoðanahópa á spjaldskrá, sem hægt er að fletta upp eins og símaskrá, er saknæmt að lögum í mörgum nágrannalöndum,“
7. „Það er engin afsökun fyrir VL-mennina 13 og þá sem þeim stjórna, að íslensk lög hafa hingað til ekki gert ráð fyrir slíku athæfi. Það kann að vísu að bjarga þeim frá tukthúsi, en myrkraverkin þola ekki betur dagsljósið þótt skort hafi framsýni við lagagerð.
Við segjum myrkraverk, eða hvers vegna hvíldi slík ógnarleynd yfir tölvunotkuninni meðan söfnun undirskrifanna (sic) stóð enn yfir?

XV.

Í 97. tbl., er út kom föstudaginn 14. júní 1974. Ummælin eru í ritstjórnargrein á bls. 6, sem ber fyrirsögnina: „Að fara huldu höfði“. Greinin er óundirrituð.

1. „ „merku““
2. „ en hófu síðan að nota tölvuspólurnar í þágu Sjálfstæðisflokksins, hafa þessir menn farið huldu höfði. Þeir hafa hvergi fengist til að standa fyrir máli sínu í almennum umræðum, hvergi þorað að fylgja leikreglum lýðræðisins og ræða við landsmenn um svonefnd öryggismál Íslands . . .“
3. „ og ef einhver hefur andmælt skoðunum þeirra, þá

siga þeir dómstólunum á andstæðinga sína eins og skoðana-bræður þrettánmenninganna hafa um áratuga skeið gert á Spáni, Grikklandi og Portúgal“

XVI.

Í 103. tbl., er út kom föstudaginn 21. júní 1974.

A. Í ritstjórnargrein á bls. 6, sem ber fyrirsögnina: „Er þetta það sem koma skal?“ Greinin er óundirrituð.

1. „ Aldrei áður hefur sést grilla í aðrar eins réttar-ofsóknir og þær, sem eru að hefjast“

2. „ þeir, sem vilja setja pólitíska andstæðinga sína í tugthús, eiga sér samherja víða um heim. Til dæmis er ekki minnsti vafi á því, að slíkir kumpánar væru í góðum félagsskap í Grikklandi eða innan Kremlarmúranna. Hér er semsé um að ræða augljósar tilhneigingar þessara forstokkuðu afturhaldsafla á Íslandi til þess, að koma pólitískum andstæðingum í tugthúsið, um leið og þeir sjálfir þegja þunnu hljóði“

B. Ummæli á bls. 13 í framhaldi greinar af forsiðu, sem ber yfirfyrirsögnina: „Umfangsmesta meiðyrðamál á Íslandi til þessa“. Greinin er óundirrituð.

1. Undir millifyrirsögninni: „Það sem koma skal“. „Þær réttarofsóknir sem VL-menn eru nú að hefja gegn Þjóðviljanum eiga sér vissulega margar hliðstæður erlendis, en engar hérlandis, nema ef vera kynnu galdraofsóknirnar á hinum myrku öldum Íslandssögunnar“

2. „ í skjóli úreltrar meiðyrðalöggjafar, þar sem ummæli eru talin refsiverð, þó sönnuð séu, ætla þessir menn sér að gera árás á frumstæðustu mannréttindi, prentfrelsi, tjáningarfrelsi.“

XVII.

Í 148. tbl., 1975, er út kom laugardaginn 5. júlí 1975. Ummæli í grein neðan við miðju bls. 4, sem nefnd er „Klippt og skorið“. Í greininni er kafli, sem ber yfirskriftina „Krafist rannsóknar“. Ummælin, sem stefnt er út af, eru í niðurlagi og hér undirstrikuð:

„K r a f i s t r a n n s ó k n a r

En í tilefni þessara upplýsinga Þórarins Þórarinssonar er nauðsynlegt að krefjast þess í fyllstu alvöru að Þórarinn Þórarinsson beiti sér fyrir því sem formaður utanríkismálanefndar og nánasti samverkamaður utanríkisráðherra að tafarlaus rann-

sókn fari fram á starfsemi CIA á Íslandi. Í þeirri rannsókn þarf að athuga hverjir Íslendingar starfa fyrir CIA, hversu þeir fá greitt fyrir njósnastörf sín, hvernig háttað er tengslum CIA við vissa fjölmiðla hér á landi, einkum Morgunblaðið, og hvernig tengsl CIA og VL-manna voru.“

II.

Málavextir.

Hinn 15. janúar 1974 efndu stefnendur ásamt Herði Einarssyni hæstaréttarlögmanni og Óttari Yngvasyni hæstaréttarlögmanni til blaðamannafundar, þar sem þeir tilkynntu, að þeir hefðu bundist samtökum undir kjörorðinu „Varið land“ og að þeir hefðu undirbúið almenna söfnun undirskrifta til þess að mótmæla kröfum um uppsögn varnarsamningsins og brottvísun varnarliðsins. Vildu þeir bjóða öllum íslenskum borgurum tvítugum og eldri að undirrita svohljóðandi yfirlýsingu: „Við undirrituð skorum á ríkisstjórn og Alþingi að standa vörð um öryggi og sjálfstæði íslensku þjóðarinnar með því að treysta samstarfið innan Atlantshafsbandalagsins, en leggja á hilluna ótímabær áform um uppsögn varnarsamningsins við Bandaríkin og brottvísun varnarliðsins.“ Þeir hefðu opnað skrifstofu í Miðbæ við Háaleitisbraut í Reykjavík, austurálmú, sem yrði opin dag hvern kl. 1400—1900, með síma. Þar mætti undirrita yfirlýsinguna og fá undirskriftalista og upplýsingar og þar væri einnig tekið við framlögum þeirra, sem vildu taka þátt í kostnaði við skrifstofuna. Þeir mundu halda fund í Súlnasal Hótel Sögu mánudaginn 21. janúar kl. 1730 og væru þangað boðaðir þeir, sem vildu styðja mál þetta. Undirskriftasöfnunin mundi standa yfir til 20. febrúar og að ætlunin væri, að áskorunin ásamt nöfnum áskorenda yrði afhent forsætisráðherra og forseta sameinaðs Alþingis eigi síðar en 1. mars 1974. Hópurinn tilgreindi ástæður til þess, að hann hefði stofnað til undirskriftasöfnunarinnar þessar helstar:

„Við viljum að Íslendingar taki áfram fullan þátt í samstarfi vestrænna lýðræðisþjóða, og er það undirstaða skoðana okkar á varnarmálum.

Hér á landi þurfa að vera traustar varnir.

Varnir landsins eru bæði beint í þágu Íslendinga, annarra þjóða við Norður-Atlantshaf, ekki sízt Norðmanna, og í þágu varnarsamtaka Vesturlanda, sem eru trygging þess, að Ísland haldi frelsi og sjálfstæði.

Varnarlaust Ísland myndi veikja stöðu vestrænna ríkja í tilraunum þeirra til að ná samningum um að draga úr vígbúnaði.

Nú er innan og utan ríkisstjórnar Íslands unnið af kappi að því, að varnarliðið fari úr landi, og sumir reyna jafnvel að koma fram úrsögn úr Atlantshafsbandalaginu.

Við teljum fulla ástæðu til, að fram komi, að íslenzkur almenningur krefst þess, að við tökum áfram þátt í samstarfi innan Atlantshafsbandalagsins og álítur ótímabært að vísa varnarliðinu á brott.“

Ríkisstjórn sú, er þá sat við völd, það er ráðuneyti Ólafs Jóhannessonar, hafði gert með sér málefнасamning árið 1971, þar sem m. a. sagði, að varnarsamningurinn við Bandaríkin skyldi tekinn til endurskoðunar eða uppsagnar í því skyni, að varnarliðið hyrfi úr landi í áföngum, og að stefnt skyldi að því, að brottför liðsins ætti sér stað á kjörtímabilinu. Forgöngumenn „Varins lands“ þóttust sjá merki þess haustið 1973, að við þetta yrði staðið af hálfu ríkisstjórnarinnar. Þeir töldu, að ríkisstjórnin hefði ekki umboð þjóðarinnar frá síðustu alþingiskosningum til slíks, og þeir vildu gera sitt til þess að sýna fram á þessa skoðun sína með undirskriftum íslensks almennings. Ofangreind áskorun, sem íslenskum almenningi var boðið að skrifa undir, var beinlínis beint til ríkisstjórnarinnar um að leggja á hilluna ótímabær áform um uppsögn varnarsamningsins við Bandaríkin og brottvísun varnarliðsins. Forgöngumenn undirskriftasöfnunarinnar tóku þar með eindregna afstöðu gegn ríkisstjórninni í máli þessu og fóru þar með inn á svið stjórnmalabaráttu og það í máli, sem heitastar deilur hafa orðið um á síðari árum með óeirðum og upphlaupi við Alþingi. Þeir máttu því vita, að andstæðingar þeirra í deilumáli þessu mundu beita sér af alefli gegn framtaki þessu. Dagblaðið Þjóðviljinn, „Málgagn sósíalisma, verkalyðshreyfingar og þjóðfrelsis“, birti daginn eftir, hinn 16. janúar 1974, frétt á þriðju síðu, þar sem sagði: „Bandaríkjalepparnir á stjál: Krefjast varanlegs hernáms í undirskriftasöfnun“. Í allmörgum tölublöðum upp frá því fram eftir mánuðinum og fram í febrúar birtust fréttir, greinar, myndir, vísur og þess háttar, þar sem ráðist var af hörku gegn undirskriftasöfnuninni og sérstaklega forgöngumönnum hennar. Önnur blöð tóku ekki slíka afstöðu, en ýmis félagssamtök gerðu samþykktir bæði með og á móti. Hinn 16. febrúar 1974 gerðist það, að Þjóðviljinn birti grein á fimmtu síðu þess efnis, að landsmenn væru flokkaðir með tölvu af „Vörðu landi“ og þarna væri um að ræða mestu persónunjósnir, sem tíðkast hefðu

hérlandis. Upp frá því birtust ýmsar greinar í Þjóðviljanum með nánari útlistun á tölvuvinnslu forgöngumanna „Varins Lands“ á undirskriftalistunum. Kom þar, að stefnendur ákváðu að höfða mál gegn ritstjóra og ábyrgðarmanni Þjóðviljans fyrir nafnlausar greinar og ritstjórnargreinar, er birst höfðu í blaðinu. Auk þess ákváðu þeir að höfða mál gegn ýmsum, sem höfðu skrifað aðrar greinar gegn þeim. Var stefna í máli þessu gefin út 19. júní 1974, og náði hún yfir ummæli í blöðum frá 16. janúar til 3. mars 1974. Málið var þingfest 27. júní 1974, eftir að stefnan hafði verið birt hinn 20. júní. Hinn 21. mars höfðu forgöngumennirnir skilað forsetisráðherra og forseta sameinaðs Alþingis undirskriftalistunum, sem voru alls 4880 með alls 55.522 nöfnum atkvæðisbærra Íslendinga. Höfðu þeir þá farið yfir nafnalistana og notað til þess tölvu og vinsað úr nöfn þeirra, er eigi höfðu náð tvítugsaldri 1. mars, svo og nöfn þau, er tvítekin voru og fölsuð.

20. júní 1974 voru fimm stefnur birtar á ritstjórnarskrifstofu Þjóðviljans, þ. e. stefnan í máli þessu auk stefna á hendur þremur blaðamönnum. Föstudaginn 21. júní birti Þjóðviljinn á forsiðu grein með spurningu í stórri fyrirsögn: „Eru viðtækar réttarofsóknir að hefjast?“ og sagði, að hér væri um að ræða umfangsmesta meiðyrðamál á Íslandi til þessa. Sex milljón króna væri krafist af Þjóðviljanum fyrir „að segja sannleikann um „Varið Land“ og undirskriftasöfnunina.“ Stefnendur höfðuðu framhaldssök fyrir ummæli í ritstjórnargrein í blaði þessu auk ummæla í 97. tbl., sem út hafði komið 14. júní 1974. Framhaldssökin var þingfest hér í bæjarþinginu 19. desember 1974. Hinn 5. júní 1975 kom síðan út 148. tbl. Þjóðviljans, og var á forsiðu þess frétt þess efnis, að dómur í tveimur „VL-málum“ hefðu verið kveðnir upp daginn áður og væru það fyrstu dómarnir í málarið þessari. Í því blaði voru ummæli á fjórðu síðu blaðsins í þættinum „Klippt og skorið“, sem stefnendur töldu meiðandi um sig, og höfðuðu nýja framhaldssök, sem þingfest var hér í bæjarþinginu 15. janúar 1976.

III.

Almennar málsástæður aðilja.

Stefnendur benda á, að slíkar ærumeiðingar í blöðum séu mjög fallnar til að valda miska þeim, sem fyrir verða. Þessi tjáningarháttur í rituðu máli sé ómenningarlegur og flestum hvímléður. Þeir, sem þurfi að tjá sig í rituðu máli, geti gert sig fullskiljanlega án ærumeiðandi ummæla. Þessi ritháttur eigi sem sagt alls engan rétt á sér. Hér hafi verið veist að stefnendum og því mál-

efni, er þeir höfðu forgöngu um, með margvíslegum hrakyrðum og dylgjum. Tilefnið hafi ekki verið annað en það, að þessir menn hafi haft sameiginlega skoðun á mikilsverðu þjóðmáli og beitt sér fyrir könnun á viðhorfi almennings í landinu til þess. Þjóðviljinn hafi birt í yfir 20 blöðum frá því í um miðjan janúar frá 1. mars 1974 (sic) fjölda greina með margvíslegum ærumeiðingum um stefnendur. Hér hafi verið um að ræða fréttapistla, almennar greinar blaðamanna, aðsendar greinar og ritstjórnargreinar. Eigi verði varist þeirri ályktun, að hér hafi verið um skipuleg niðskrif að ræða. Slíkt framferði af hálfu dagblaðs sé með öllu óþolandi. Gera verði þá kröfu til dómstóla, að þeir verndi menn gegn slíkum ofsóknum með virkri refsí- og bótavörslu. Hér sé raunar um að ræða stórkostlegustu ærþjófnaðarárás íslenskrar sögu. Árásin hafi af hálfu Þjóðviljans verið gerð í þremur lotum: Fyrsta í janúar 1974, þegar undirskriftasöfnunin fór á stað. Önnur lotan hafi komið í mars 1974, þegar unnið var í tölvu úr undirskriftalistunum, og þriðja lotan hafi komið í júní 1974, þegar stefnendur hafi stefnt ritstjóra Þjóðviljans o. fl. út af meiðyrðum. Árásirnar hafi sennilega verið gerðar af tvenns konar hvötum: Í fyrsta lagi hafi árásarmenn viljað viðhalda og ala á ranghugmyndum um varnarmál landsins og draga úr mönnum kjark, til þess að þeir leiddu undirskriftasöfnunina hjá sér og téðu sig ekki um málið. Það sé harður kjarni, sem ætíð hafi barist gegn varnarmálum landsins, og þeir viti alveg, hvað þeir vilji, og þeir hafi aldrei viljað, að vilji almennings kæmi í ljós, heldur ætíð haldið hinu gagnstæða fram, að þeirra eigin vilji væri vilji almennings. Í öðru lagi verði að telja, að árásarmennirnir hafi undir lok undirskriftasöfnunarinnar viljað hefna sín á forgöngumönnum „Varins lands“, sem hafi rutt braut og leitt í ljós þjóðarviljann í máli þessu. Þetta séu örvæntingarfullar hefndir manna fyrir það, að 55 þúsund Íslendingar hafi ritað undir áskorun þessa. Árásarmennirnir hafi ausið látlaust svívirðingum og rógi yfir forgöngu-mennina og dróttað að þeim um trúnaðarbrot, þjónkun við erlenda aðilja og svik við landið. Þá rísi sú spurning, hvað menn eigi að gera, þegar þeir verði fyrir slíkri árásarherferð. Um þrennt sé að ræða: Þeir geti pagað og látið sem ekkert sé, en til hvers mundi slíkt leiða? Væri það ekki hnekkur fyrir þjóðfélagið og mundi það ekki leiða til enn verra ástands í slíku og draga opinberar umræður á enn lægra stig? Í öðru lagi gætu þeir svarað árásum í sömu mynt, en það hafi ekki verið raunhæft í þessu tilviki. Dagblaðið Tíminn hafi synjað um birtingu fréttar frá forgöngu-

mönnunum í janúar 1974 og dagblaðið Þjóðviljinn hefði ekki gert annað en umsnúa því. Auk þessa sé útilokað að eiga orðaskipti við menn, sem eingöngu noti illmælgí. Í þriðja lagi sé leið sú, sem hér hafi verið farin, þ. e. að höfða meiðyrðamál. Allir þegnar séu jafnir fyrir lögum. Þeir geti leitað á sama hátt og með sama rétti til dómstóla sér til verndar, ef á þá er ráðist. Þetta sé gömul og góð aðferð, sem allir hafi notað hvar í flokki sem þeir standa. Þá sé hið sanna leitt í ljós og það sé tilgangur slíkra málaferla, enda sé grunnregla meiðyrðalöggjafarinnar, að sönn ummæli séu hvorki refsiverð né verði ómerkt, nema sérstaklega standi á. Stefnda hafi því verið í lófa lagið að réttlæta eða sanna ummæli sín hér fyrir dóminum. Hafi hann haft allan rétt til þess og öll tækifæri, enda hafi hann strax í upphafi sagst mundu gera það, en það hafi honum hins vegar ekki tekist.

Stefnendur benda einnig á, að árásirnar á þá vegna undirskriftasöfnunarinnar hafi aldrei komið fram sem gagnrýni með nokkrum rökum. Tilraun hafi verið gerð til þess af Sigurði Líndal prófessor í tveim dagblaðagreinum í Vísi, en rök hans hafi verið þau helst, að almenningur í landinu gæti vart myndað sér skoðanir í máli sem þessu og því væri ekkert að marka slíkar undirskriftasafnanir og að undirskriftasafnanir séu í eðli sínu rangar. Eins og komið hafi fram í máli þessu, hafi andstæðingar herstöðvarinnar beitt sér tvívegis fyrir undirskriftasöfnunum gegn henni, en niðurstöður hafi aldrei verið birtar og hafi aldrei komið fram, að það væri vegna þess, að þeir væru á móti undirskriftasöfnunum. Raunar hafi forgöngumenn „Varins lands“ gert skyldu, sem aðrir hafi ekki þorað að gera á þessum tíma. Þeir hafi gengið lengra en stjórnámálemenn gerðu, enda hafi forgöngumenn „Varins lands“ ekki verið bundnir neinum stjórnámalasamtökum í þessu starfi sínu. Kjarni málsins sé sá, að menn, sem hafi orðið fyrir árásum, hafi höfðað mál gegn árásmönnunum, sem skv. 72. gr. stjórnarskrárinnar sé gert að ábyrgjast orð sín fyrir dómi. Allt frelsi verði að vera bundið einhverjum takmörkunum, til þess að það breytist ekki í ófrelsi fyrir aðra, þetta sé hið sama um frelsi til líkama og lima og andlegs frelsis og friðhelgi einkalífs. Frelsi manna séu sett þau takmörk ein, að þeir megi ekki nota það til að skaða aðra. En þeir geti skaðað aðra með orðum eins og með athöfnum og það sé það, sem meiðyrðalöggjöfin setji skorður við.

Stefndi bendir aftur á móti á, að stefnendur hafi í máli þessu forðast að gera nokkra grein fyrir þeim aðstæðum, sem liggja að

baki pólitísku framtaki þeirra, og hafi kallað fram viðbrögð og ummæli þau, sem stefnt sé út af. Erlend herseta á Íslandi sé ekkert smámál. Hin óhugnanlega staðreynd sé sú, að þjóðin sé klofin í tvær mjög andstæðar fylkingar í afstöðu sinni til hersetunnar. Ekkert umræðuefni á Íslandi hafi orðið eins mikið hitamál síðustu þrjá áratugi og tvíþýli þjóðarinnar við erlendan her í landinu og ekki sé útlit fyrir, að hinar hatrömmu deilur hjaðni á næstunni. Ekkert mál annað hafi valdið slagsmálum og götuóeirðum í Reykjavík á þessu tímabili og allir stjórnmálaforingjar og flestir forystumenn þjóðarinnar á öðrum sviðum hafi tjáð sig um málið opinberlega og það allharkalega oft á tíðum. Ljóst sé, að deilumál þetta sé þannig vaxið, að það gangi mönnum inn að hjarta og hjá mörgum beri tilfinningarnar rökin ofurliði. Stefnendur hafi strax í hinn opinberu yfirlýsingu sinni um miðjan janúar 1974 tekið sér stöðu í fremstu línu í viðkvæmasta og hatrammasta deilumáli meðal Íslendinga.

Samkvæmt stjórnarskrá og grundvallarreglum íslenskra laga hafi hver maður leyfi til að hafa skoðanir á pólitískum hugðaræfnum og athöfnum annarra manna og láta þær í ljós opinberlega. Þetta skoðanafrelsi megi aldrei með lögum eða dómsúrskurði skerða á nokkurn hátt. Alls ekki sé leyfilegt að teygja klær meidyrðalöggjafarinnar svo langt, að manni sé refsað fyrir að láta í ljós skoðanir sínar eða mat sitt á pólitískum aðgerðum annarra manna. Stefnendur hafi talað um stórkostlegustu ærúþjófnaðarárás af hálfu dagblaðsins Þjóðviljans, en blaðið aftur á móti telji, að málaferli þessi og mál þetta sé mesta og stórkostlegasta aðför að tjáningarfrelsi, sem um geti. Málinu sé stefnt gegn dagblaðinu Þjóðviljanum og þetta sé því pólitísk aðgerð pólitískra andstæðinga blaðsins og þetta athæfi stefnenda, að safna undirskriftum, verði alls ekki rifið út úr samhengi við herstöðvarmálið í heild, alveg frá upphafi þess. Vert sé að minnast þess, að Bandaríkjamenn hafi farið fram á samning við landsmenn um herstöð til 99 ára, þ. e. um alla næstu framtíð, og Þjóðviljinn hafi átt sinn þátt í því, að slíkri kröfu var gersamlega vísað á bug. Síðan hafi svonefndur „Keflavíkursamningur“ komið til og Þjóðviljinn hafi ætíð barist gegn honum með öllum ráðum. Í orðasennum þeim, sem um þetta mál hafi gengið frá upphafi, hafi menn ekki kveinkað sér yfirleitt yfir þeim stóryrðum, sem fallið hafi á báða bóga. Stefnendur skipi sér í flokk í þessari deilu og þeir geti ekki einir deiluaðilja reynt að komast út úr bardaganum sem hvítþvegnir englar.

Rökin fyrir hinni algeru sýknukröfu stefnda séu einkum þau, að í fyrsta lagi sé hér um frelsisskerðingu að ræða og ríkir hagsmunir séu bundnir við skoðanafrelsi og tjáningarfrelsi. Mál þetta sé skerðing á frelsi og því beri að sýkna stefnda. Hér hafi alls ekki verið sveigt að persónulegum atriðum, heldur að háttalagi mannanna, þ. e. aðgerðum þeirra, og slíkt verði að vera unnt að gagnrýna í frjálsum landi. Í öllum meiðyrðamálum sé það hlutverk dómsins að finna takmörkin, sem lögin setji um prentfrelsi, og hvort yfir þau hafi verið farið. Margsinns hafi verið litið svo á í dómum, að ekki hafi verið farið yfir þessi mörk, en mörkin séu einmitt mismunandi eftir eðli málsins. Eðli þessa máls sé slíkt, að mörkin séu ekki þau sömu og væri um málefni, sem ekki væri stjórn málalegs eðlis. Margsinns hafi verið bent á af mörgum aðiljum og mismunandi, að málaferli þessi séu árás á tjáningarfrelsi í landinu einmitt af þessum ástæðum.

Í öðru lagi bendir stefndi á, að ummælin séu réttlætanleg og því sé ekki unnt að refsa fyrir þau né dæma miskabætur vegna þeirra. Réttlættingaratriðin séu helst þessi: Þótt undirskriftasöfnunin sem slík sé fordæmd harkalega, séu það ekki meiðyrði, þar sem undirskriftasöfnun sem aðferð við skoðanakönnun sé bæði ónothæf og ólýðræðisleg. Opinberar kosningar hérlandis hafi verið afnumdar einmitt af þessari sömu ástæðu. Ámælisorð vegna framkvæmdarinnar á undirskriftasöfnuninni séu heldur ekki refsiverð, vegna þess að í ljós hafi komið þegar í upphafi, að atvinnukúgun hafi verið beitt við söfnunina og að nöfn hafi verið fölsuð á listum. Ummæli, sem feli í sér ásökun á hendur stefnendum, að þeir hafi gengið erinda Sjálfstæðisflokksins í undirskriftasöfnuninni, séu einnig í alla staði réttlætanleg og því refsilaus með öllu. Í ljós hafi komið í kosningaundirbúningi fyrir alþingiskosningar og sveitastjórnarkosningar í júní 1974, að Sjálfstæðisflokkurinn hafi sent til flokksfélaga auðkenni og kjörorð stefnenda, „Varið land“, með beiðni um, að þeir á ólögmetan hátt límdu þessa miða á bifreiðar sínar á kjördegi. Yfirkjörstjórn hafi metið límmiðana sem auðkenni Sjálfstæðisflokksins. Flokkurinn hafi því verið á bak við þessa athafnasemi stefnenda. Einn stefnenda, Stefán Skarphéðinsson, hafi verið skrifstofustjóri Sjálfstæðisflokksins. Ummæli þess efnis, að tengsl hafi verið á milli stefnenda og leyniþjónustu Bandaríkjanna, CIA, hafi stefnda þó ekki tekist að sanna undir rekstri þessa máls og sé það játað af honum. Það liggi í hlutarins eðli, að erfitt sé að sanna og upplýsa nokkuð um starfsemi slíkrar leyniþjónustu, en hitt sé opin-

ber staðreynd, að þessi stofnun Bandaríkjastjórnar styðji með peningaframlögum og á annan hátt pólitíska undirróðursstarfsemi í þágu hagsmuna Bandaríkjanna í fjölmörgum löndum heims og hlutist þannig til um innanríkismálefni þeirra. Hér hafi einmitt verið um að ræða undirskriftasöfnun í þágu hagsmuna Bandaríkjanna eingöngu og sé því eðlilegt að álíta, að þetta hafi verið stutt af leynipjónustu Bandaríkjanna. Varðandi ummæli um tölvunotkun stefnenda við úrvinnslu á undirskriftagögnunum bendir stefndi á, að ummæli um það hafi e. t. v. ekki verið hárnákvæm, þegar þau birtust, vegna tæknilegrar vankunnáttu. Þegar fregnirnar hafi borist um það, að forgöngumenn „Varins lands“ hefðu gert sér tölvuskrá yfir undirskrifendur, hafi grunsemdir vaknað um samband stefnenda við Sjálfstæðisflokkinn og leynipjónustu Bandaríkjanna. Fyrir hvern hefði tölvuskráin átt að vera, ef ekki slíka aðilja? Þjóðviljinn hefði ljóstrað upp um þessa tölvuskrá, en ekkert hafi birst opinberlega um þetta og þetta hafi legið í þagnargildi, þar til Þjóðviljinn hafi skýrt frá þessu. Fréttirnar um þetta í Þjóðviljanum hafi að vísu verið ónákvæmar, vegna þess að lítið hafi verið vitað um tölvuvinnslu og hvað þar færi fram, en undir rekstri málsins hafi komið í ljós, að sumir stefnenda hafi viljað nota tölvuna meira, eins og andstæðinga þeirra hafi grunað. Það, sem réttlæti ummælin um tölvuna, sé einkum tvennt: Að stefnendur hafi ekki fengið leyfi til slíks, hvorki frá þeim, sem skrifuðu undir, né frá opinberum aðiljum og ekki gert þetta undir opinberu eftirliti, og hitt, að þeir hafi sjálfir fengið tvær afskriftir á spólum til eigin varðveislu og enginn viti, hvað af þeim verði. Þetta þýði nánast, að þeir hafi ekki afhent þessar persónulegu upplýsingar til opinberra aðilja til vörslu, en séu sjálfir með þetta og þess vegna hljóti þeir ámæli fyrir. Hefðu þeir afhent þetta eins og önnur gögn, væri ekki hægt að saka þá um persónunjósnir eftir það. Öll ummæli um þetta séu því refsilaus með öllu, þar sem með þessari háttsemi sinni hafi stefnendur brotið gegn grundvallarreglum siðmenntaðra þjóða um tölvuvinnslu persónulegra upplýsinga. Þetta sé brot á friðhelgi einkalífs og brot á stjórnarskránni. Að endingu bendir stefndi á, að stefnendur hafi tekið til sín allt of mörg ummæli um stærri hóp manna. Þeir eigi ekki aðild og geti ekki eignað sér almenn ummæli um stóran hóp manna, þótt þeir séu e. t. v. sjálfir innan þess hóps.

Álit dómsins.

Fallast ber á þau sjónarmið stefnda, sem studd eru almennri skoðun fræðimanna hér á landi, að hagsmunir þeir, sem bundnir eru við opinberar og óhindraðar umræður um þjóðmál og stjórnmál, geti verið taldir ríkari hagsmunum æruverndar. Í lýðfrjálsu þjóðfélagi er opinber umræða um þjóðmál og gagnrýni á stjórnmálaandstæðinga og skoðanir þeirra nauðsynleg. Það leiðir til þess, að í slíkum tilvikum verða árásir á æruna oft lögmætar, sem annars væru taldar ólögmætar. Í þjóðmálaumræðu er því um „rýmkað málfrelsi“ að ræða. Einnig verður fallist á með stefnda, að ummæli þau, sem stefnendur átelja, falli undir stjórnmálaumræður, þar sem undirskriftasöfnun stefnenda var stjórnmálalegs eðlis, og það í deilumáli, sem fáir Íslendingar eru afskiptalausir um. Ummæli um stjórnmál og þjóðmál mega þó ekki ganga lengra en nauðsyn krefur, og þau mega ekki vera sett fram gegn betri vitund.

Með þetta í huga verða hin átöldu ummæli nú athuguð í sömu röð og að framan greinir.

I.A.1. og 2. Stefndi hefur lýst því yfir, að hann telji alla þá, er vilji verja dvöl bandaríks herliðs hér á landi, „bandaríkja-leppa“. Orð þetta hefur margsinnis verið notað í Þjóðviljanum um andstæðinga blaðsins í herstöðvarmálinu, allt frá upphafi. Orðið á því við um mjög stóran hóp manna hér á landi og ekki við stefnendur eingöngu. Þeir eiga því ekki sérstaka aðild að þessu meiðyrði, eins og stefndi hefur bent á, og verður stefndi ekki látinn sæta ábyrgð fyrir orð þetta. Sama gildir um framhaldið: „Krefjast varanlegs hernáms“.

I.A.3. og 4. Hér sleppir fyrirsögn greinarinnar, og komið er í efni hennar. Þegar það er lesið, kemur í ljós, að orðum þessum er sérstaklega beint til stefnenda sem forgöngumanna „Varins lands“. Þeir eiga því aðild að kröfu þessari. Orð þessi eru ósönn og ótilhlýðileg, og ber að ómerkja þau. En vegna rýmkaðs málfrelsis um þjóðmál verða þau ekki talin valda stefnda refsíábyrgð.

I.A.5. Hér er ekki farið út fyrir mörk þess málfrelsis, sem heimilt er hverjum þeim, er um þjóðmál ræðir, og valda þau því stefnda ekki refsíábyrgð né heldur verða þau ómerkt.

I.B. Sama og um I.A.3. og 4.

II.A.1. Hér leitast stefndi við að tengja undirskriftasöfnunina við hneykslismál í bandarískum stjórnmálum, „Watergate-málið“,

svo og víxlanotkun í fjármálum. Þetta er skammaryrði og ber að ómerkja, þar sem það er ótilhlýðilegt. En með sömu rökum og í I.A.3. valda þau ekki refsíabyrgð.

II.A.2.,3.,4. og 5. Í ummælum þessum í heild er dróttað að stefnendum um annarlegan og ósæmilegan tilgang undirskriftasöfnunarinnar og ósæmilegum aðferðum við framkvæmd hennar. Ummæli þessi eru móðgandi og ósönnuð, og ber að ómerkja þau. En með hliðsjón af hinum ríku hagsmunum, sem bundnir eru frjálsri umræðu um þjóðmál, verða þau ekki talin valda stefnda refsíabyrgð.

II.B. Að birta hin mergjuðu orð skáldsins, þótt tilvitnunin væri röng, sem texta undir mynd af stefnendum, er mjög ærumeiðandi fyrir stefnendur, bæði sem móðgun og aðdróttun. Orðin verða ekki ómerkt, en telja verður, að hér sé farið út fyrir mörk leyfilegrar þjóðfélagslegrar gagnrýni á sérlega ósmekklegan hátt. Þar sem hagsmunir frjálsrar umræðu um þjóðmál verða ekki taldir standa í vegi fyrir refsíabyrgð í slíku tilviki, ber að refsa stefnda fyrir þessa notkun orða Þorsteins Erlingssonar.

III. Í skammaryrðum þessum er ekki vikið að stefnendum.

IV.1. og 2. Stefndi hefur leitast við að halda því fram, að ummæli þessi beinist ekki að stefnendum málsins, heldur þeim, sem söfnuðu undirskriftunum. Orðin sjálf segja þó annað, og er beinlínis sagt, að vinnubrögð „13-menninganna“ sé atvinnukúgun. Ummæli þessi eru mjög gróf aðdróttun og ósönnuð með öllu. Þau valda stefnda því refsíabyrgð, og þau ber að ómerkja.

V.A. Í ummælum þessum er ekki vikið að stefnendum beinlínis, og verður allur vafi í þeim efnum að koma stefnda í hag.

V.B.1.,2. og 3. Hér er ekki vikið sérstaklega að stefnendum.

VI.1. og 2. Hér er ekki vikið sérstaklega að stefnendum.

VII.A.1.,2. og 3. Ummæli þessi eru sama eðlis, en beinast öll að stefnendum. Þau koma til af neitun stefnenda á að senda fulltrúa á kappræðufund gegn andstæðingum í herstöðvarmálinu. Ummælin eru ýkjur, en valda ekki refsíabyrgð.

VII.B.2. Í ummælum þessum er ekki vikið að stefnendum.

VII.B.1.,3.,4.,5.,6. og 7. Hér er beinlínis vikið að stefnendum, en hvergi á þann hátt, að talist geti út fyrir takmörk rýmkaðs málfrelsis í þjóðmálaumræðum, og valda ummælin því eigi refsí- ábyrgð. Þar sem stefnendur hafa gert kröfu um ómerkingu þeirra í öðru máli, sem tekið var til dóms á undan þessu, kemur krafa um ómerkingu ekki til álita í máli þessu.

VIII.1.,2. og 3. Hér er fjallað um samþykkt, sem „Félagsfundur stúdenta í þjóðfélagsfræðum við Háskóla Íslands“ gerði 7. febrúar 1974. Telja verður, að orðalag samþykktarinnar og þar með fyrir- sagnir fréttarinnar nái yfir undirskriftasöfnunina í heild, en ekki stefnendur sérstaklega.

IX.1. og 2. Hér er dróttað að stefnendum um samstarf við leynipjónustu Bandaríkjanna og hagsmunatengsl við Nato og pólitískar persónunjósnir. Stefndi hefur frá upphafi lýst því yfir, að hann hygðist sanna þessi ummæli hér fyrir dóminum, en við munnlegan málflutning var því lýst yfir, að það hefði ekki tekist og væri sennilega ómögulegt. Hér er því farið út fyrir mörk leyfilegrar gagnrýni og umræðu um þjóðfélagsmál, og ber því stefndi refsíábyrgð á ummælum þessum. Einnig ber að ómerkja þau.

IX.3. Hér er ekki farið út fyrir mörk rýmkaðs málfrelsis um þjóðfélagsmálaumræðu.

X. Hér er um að ræða heila ritstjórnargrein, sem nefnist „Í minningu víxils“. Hér er um að ræða mjög ýkta mynd af sögu- burði um falsanir nafna á undirskriftalista og kúgun vinnuveit- enda varðandi söfnun undirskrifta. Slík ummæli beinast ekki að stefnendum. Ummæli um tæknilega galla hafa reynst undir rekstri málsins vera alröng, en þau eru ekki refsiverð. Síðustu ummælin, þess efnis að undirskriftasöfnunin hafi verið tengd — beint eða óbeint — bandarísku leynipjónustunni, eru gegn stefn- endum og ósönnuð með öllu. Ber, eins og að ofan segir um svipuð ummæli, að refsa fyrir slíka aðdróttun og ómerkja ummælin.

XI.A.1.,2.,3. og 4. Ummæli þessi eru í forsiðugrein blaðsins 26. febrúar 1974, sem ber fyrirsögnina „Undirskriftasöfnunin notuð í njósnaskyni“. Við munnlegan málflutning var það útskýrt af lög- manni stefnda, að í ljós hefði komið, að enn væri í vörslum stefn-

enda tölvuspóla með nöfnum undirskrifenda, sem unnt sé að afrita hvenær sem er. Að öðru leyti hefur stefndi ekki sýnt fram á réttlætingu ummæla sinna um njósnastarfsemi eða glæpsamlegt trúnaðarbrot eða skuggaleg áform. Sýnt hefur verið fram á, að stefnendur hafi kannað alla undirskriftalistana, eftir að söfnuninni lauk 20. febrúar, og tók það verk mánaðartíma. Kannað var, hvort þeir, sem ritað höfðu nöfn sín, hefðu náð tilskyldum aldri, og hvort sama nafnið kæmi fyrir oftan en einu sinni og hvort um tilbúin nöfn væri að ræða. Til þess þurfti samanburð við íbúaskrá, og brugðu stefnendur á það ráð að fá undirskriftirnar settar í tölvu til þess að fá, eins fljótt og verða mátti, nöfn undirskrifenda í sömu röð og í íbúaskrá. Síðan voru skrárnar bornar saman, og voru undirskriftirnar kannaðar þannig. Eftir þessa könnun voru strikuð út um þúsund nöfn. Eftir að fréttir bárust um tölvuvinnslu þessa, birtust allmargar greinar í Þjóðviljanum svipaðs efnis og ummæli þessi. Þar sem stefndi hefur ekki sannað þau eða réttlætt, og þar sem allt bendir til, að slíkar aðdróttanir séu settar fram gegn betri vitund, hefur hér verið farið yfir mörk hins rýmkaða málfrelsis um þjóðmál. Ber stefndi því refsíabyrgð á ummælum þessum, og ber að ómerkja þau.

XI.A.5.,6. og 7. Ummæli þessi eru öll ósönnuð, en verða ekki talin þess eðlis, að í þeim felist móðganir eða aðdróttanir.

XI.B.1.,2.,3.,4. og 5. Ummæli þessi eru í grein, sem kallast „Gagnrýnin athugun á viðtali við Ragnar Ingimarsson í Morgunblaðinu á sunnudag sýnir:“ Grein þessi, sem er ómerkt, ber þess merki, að hún er hugleiðingar höfundar um upplýsingar stefnenda um tölvuvinnslu undirskriftalistanna og niðurstöður, sem höfundur dregur, eða það, sem höfundur kallar „rökréttar ályktanir“ eða hvað „hlýtur að hafa verið“. Þegar þetta er virt, verður vart talið, að hér sé um að ræða móðganir eða aðdróttanir í garð stefnenda.

XII. Hér er um að ræða ritstjórnargrein í næsta tölublaði, sem ber nafnið „Votergeit-spólur í Reykjavík.“ Eins og að ofan er rakið, er hér um ósannaðar fullyrðingar að ræða, og ummælin hafa ekki verið réttlætt. Ber því að ómerkja grein þessa í heild, en vegna rýmkaðs málfrelsis um þjóðmál verða ummælin ekki talin refsiverð.

XIII. Hér er um sams konar ummæli að ræða og í XII., og ber af sömu ástæðum að ómerkja þau, en þau verða ekki talin refsiverð.

XIV. Hér er enn um að ræða forystugrein, sem í heild er hugleiðingar höfundar um tölvunotkun stefnenda. Öll ummælin, sem skráð eru undir liðum 1., 2., 3., 4., 5., 6. og 7., eru um hugsanlega misnotkun á tölvuspólu með nöfnum þeirra, er skrifuðu undir áskorunina. Þau hafa ekki verið réttlætt né sönnuð, og ber því að ómerkja þau, en vegna hins rýmkaða málfrelsis um þjóðmál verða þau ekki talin baka stefnda refsíabyrgð, enda verða þau vart talin lýsa öðru en hugarfari þess, er þau skrifa.

XV.1., 2. og 3. Ummæli þessi eru í forystugrein og hafa hvorki verið sönnuð né réttlætt. Að nota orðið „merkur“ innan tilvitnunarmerkja er móðgandi fyrir þann, sem fyrir verður. Öll þessi ummæli ber að ómerkja, þar sem þau eru ótilhlýðileg, en vegna hins rýmkaða málfrelsis um þjóðmál verða þau ekki talin refsiverð.

XVI.A.1. og 2. Ummæli þessi eru í ritstjórnargrein, sem rituð er í tilefni þess, að stefna í máli þessu var birt 20. júní 1974. Er þar fjallað um málshöfðun þessa og aðrar málshöfðanir stefnenda gegn blaðamönnum Þjóðviljans. Ummælin eru gífurlyri, ósönnuð og óréttlætt, og ber að ómerkja þau. Þau verða hins vegar ekki talin refsiverð vegna hins rýmkaða málfrelsis um þjóðmál.

XVI.B.1. og 2. Ummæli þessi eru á bls. 13 í framhaldi greinar á forsíðu, sem ber fyrirsögnina „Umfangsmesta meiðyrðamál á Íslandi til þessa“. Ummælin eru óréttlætt og ósönnuð gífurlyri, og ber að ómerkja þau, en þau verða ekki talin refsiverð vegna rýmkaðs málfrelsis.

XVII. Hér eru ummæli úr 178. tbl. 1975, úr grein, þar sem krafist er rannsóknar á starfsemi bandarísku leyniþjónustunnar CIA hér á landi. Í lok greinarinnar er fullyrt, að tengsl hafi verið milli CIA og stefnenda, sem kallaðir eru „VL-menn“, og er einungis stefnt út af þeim orðum. Aðdróttun þessi er ósönnuð, óréttlætt og í alla staði ótilhlýðileg og fer út fyrir mörk hins rýmkaða málfrelsis, sem opinber umræða um þjóðmál nýtur hér á landi. Ber því að refsa stefnda fyrir ummæli þessi og ómerkja þau.

V.

Niðurstaða.

Niðurstaða verður því sú, að ofangreind ummæli, sem tilgreind eru undir liðum I.A.3. og 4., I.B., II.A., IV., IX.1. og 2., X. „Í fjórða lagi var þessi undirskriftasöfnun tengd — beint eða óbeint — erlendum aðila, bandarísku leynipjónustunni, — sem hafði hag af því að sem allra flestir skrifuðu undir.“ XI.A.1., 2., 3. og 4., XII., XIII., XIV., XV., XVI., og XVII. verða dæmd dauð og ómerk.

Stefnda, sem er ritstjóri og ábyrgðarmaður „Þjóðviljans“, verður dæmd refsing fyrir ummælin, sem tilgreind eru undir liðum II.B., IV., IX.1 og 2., X. „Í fjórða lagi . . . skrifuðu undir“, XI.A.1., 2., 3. og 4. og XVII., samkvæmt 234. og 235. gr. laga nr. 19/1940. Stefndi hefur borið fyrir sig 4. tl. 74. gr. sömu laga, en þar sem undirskriftasöfnun stefnenda var í alla staði lögmæt og getur ekki talist móðgun við stefnda né dagblað það, sem hann ritstýrir, nýtur hann ekki góðs af refsilækkunarheimild þessari. Refsing stefnda þykir hæfilega ákveðin kr. 30.000 sekt í ríkissjóð, og komi varðhald í 6 daga í stað sektarinnar, ef hún er ekki greidd innan aðfararfrests, skv. 54. gr. sömu laga.

Stefnendur hafa krafist miskabóta úr hendi stefnda, kr. 150.000 til hvers stefnenda um sig ásamt vöxtum. Stefnendur hafa ekki gert sennilegt, að hin átöldu ummæli hafi valdið þeim slíkum óþægindum, hneisu eða álitshnekki. Þar sem það verður heldur ekki talið líklegt, eins og mál þetta er vaxið, verður þessi krafa ekki tekin til greina.

Eigi þykja efni til að taka til greina kröfu stefnenda um, að stefndi greiði kr. 100.000 til að kosta birtingu forsendna og dómsorðs skv. 2. mgr. 241. gr. sömu laga, en rétt er að dæma stefnda til að sjá um birtingu forsendna og niðurlags dómsins í 1. eða 2. tbl. „Þjóðviljans“, sem út kemur eftir lögbirtingu dómsins, sbr. 22. gr. laga nr. 57/1956.

Samkvæmt þessari niðurstöðu verður stefnda gert að greiða stefnendum sameiginlega málskostnað, sem ákveðst kr. 150.000.

Garðar Gíslason, settur borgardómari, kvað upp dóm þennan. Dómsuppsaga hefur dregist vegna umfangs málsins og mikilla anna dómarans.

Dómsorð:

Framangreind ummæli, sem tilgreind eru í niðurstöðu dómsins, skulu vera dauð og ómerk.

Stefndi, Svavar Gestsson, greiði kr. 30.000 í sekt til ríkis-

sjóðs. Varðhald í 6 daga komi í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan aðfararfrests.

Stefnda, Svavari Gestssyni, skal skylt að sjá um, að forsendur og niðurlag dóms þessa sé birt í 1. eða 2. tbl. Þjóðviljans, sem út kemur eftir lögbirtingu dóms þessa.

Stefndi, Svavar Gestsson, greiði stefnendum, Bjarna Helgasyni, Birni Stefánssyni, Hreggviði Jónssyni, Jónatan Þórmundssyni, Ólafi Ingólfssyni, Stefáni Skarphéðinssyni, Unnari Stefánssyni, Þorsteini Sæmundssyni, Þorvaldi Búasyni, Þór Vilhjálmssyni, Ragnari Ingimarssyni og Valdimar J. Magnússyni, kr. 150.000 óskipt í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 2. febrúar 1978.

Nr. 22/1978. **Ákærvaldið**
 gegn
Ásgeiri Sigurðssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson og Þór Vilhjálmsson.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 25. janúar 1978, er barst Hæstarétti 30. s. m. Krefst hann þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur, en til vara, að gæsluvarðhaldstíminn verði stytur. Þá krefst hann kærumálskostnaðar úr ríkissjóði.

Ríkissaksóknari krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur.

Rannsóknarnauðsynjar bjóða, að gæsluvarðhald varnaraðilja sé framlengt, sbr. 1. tölulið 67. gr. laga nr. 74/1974, allt að því tímamarki, er greinir í hinum kærða úrskurði. Ber því að staðfesta úrskurðinn að niðurstöðu til.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.